

Óskar og loftsteinninn

Höfundur: Kristján Bjarni Halldórsson

Kafli 1

Kafli 2

Kafli 3

Kafli 4

Kafli 5

Kafli 6

Kafli 7

Kafli 8

Kafli 9

Kafli 10

Kafli 11

Kafli 12

Kafli 13

Kafli 14

Kafli 15

Kafli 16

Kafli 17

Kafli 18

Kafli 19

Kafli 20

Kafli 21

Kafli 22

Kafli 23

Kafli 1

Skotin dundu á þyrlunni. Óskar sveigði í skjól.

"Af hverju skaustu ekki Logi?"

"Það er allt að verða tómt"

"Hvað áttu mikið eftir?"

"Ekki mikið"

"Ok, við leikum á þessa Kana. Förum í gegnum skemmuna, látum þá elta"

Óskar tók í stýripinnann og stýrði þyrlunni niður.

"Ertu brjáláður" sagði Logi "þetta er gasgeymsla, það er ekkert pláss fyrir þyrlu"

"Það skal vera pláss" Óskar var einbeittur "ég ætla ekki að tapa fyrir þeim einu sinni enn"

Óskar stýrði þyrlunni inn í skemmuna. Í skemmunni voru hundruðir gashylkja.

"Logi, ég tel upp að þremur. Skjóttu þá flaug inn í skemmuna."

Þyrlan nálgast stórar dyr á enda skemmunnar. Kanarnir voru í miðri skemmu, rétt á eftir Óskari og Loga.

"Einn, tveir og þrír"

Logi skaut um leið og þyrla þeirra fór út um dyrnar.

Skemman sprakk í loft upp og eldtungur teygðu sig upp til skýja.

Óskar og Logi hrópuðu af fögnuði.

"High five" sagði Logi "loksins unnum við þá, þú ert besti þyrluflugmaður sem ég þekki!"

Óskar tók af sér heyrnartólin og sleppti stýripinnanum.

"Ég vildi að ég ætti betri skjá" sagði Óskar.

"Keyptir þú hann ekki fyrir fermingarpeninginn?"

"Jú, hann er rúmlega eins árs, en þessi nýja týpa er bara svo miklu betri."

Kanarnir veifuðu þeim á skjánum

"Well done guys" þeir kunna að tapa.

Óskar og Logi veifuðu þeim á móti.

Þeir voru smá tíma að ná sér niður á jörðina eftir fyrsta sigurinn á Könunum. Leikurinn tók tvær klukkustundir.

Óskar sá skilaboð á skjánum. Þau voru frá Lísu bekkjarsystur.

"Viltu taka þátt í leikriti bekkjarins" Óskar benti Loga á skilaboðin.

"Hvaða leikriti?"

"Hallgerði langbrók" sagði Óskar.

"Vantar einhvern til að leika Hallgerði?"

"Nei þær vilja fá okkur til að leika Gunnar á Hlíðarenda og Njál á Bergþórshvoli. Þær segjast ætla að setja verkið upp eins og tölvuleik" sagði Óskar.

"Þetta er ekki galið, en ég er enginn leikari. Ég hefði ekkert á móti því að leika Gunnar, hann var meiri háttar gaur. Þau voru náttúrulega aðalparið hérna í Fljótshlíðinni"

"Þau voru aðalparið á Íslandi" bætti Óskar við.

"Hún fór illa með hann nornin" sagði Logi.

"Er það? Var hún ekki bara að svara fyrir sig? Mér finnst spennandi að setja verkið upp eins og tölvuleik. Eigum við ekki bara að hugsa málið?"

Logi kinkaði kolli.

Strákarnir fengu sér brauð og kakó. Mamma Loga kom stuttu síðar að sækja hann.

"Tökum við ekki annan leik á morgun?" spurði Logi um leið og hann opnaði dyrnar.

"Nei, auðvitað ekki!" Óskar horfði undrandi á Loga og beið eftir að Logi áttaði sig.

"Æ já" sagði Logi vandræðalegur.

"Jarðarförin er á morgun."

Kafli 2

Afi Óskars var í kistunni. Það var óbærileg tilhugsun. Óskar kannaðist ekki við marga í kirkjunni, en hún var full af fólki. Flestir voru á aldri við afa hans. Afi hans hafði kennt honum nánast allt sem hann kunni.

"Hvaða menn eru þetta?" hvíslaði Óskar að pabba sínum og benti laumulega með þumal fingri á bekkinn fremst hægra megin.

"Þetta eru flugmenn frá Bandaríkjunum, þeir bera kistuna. Afi þinn þjálfaði þá" hvíslaði pabbi hans.

Afi Óskars hafði þjálfað marga þyrluflugmenn á Íslandi en Óskar vissi ekki mikið um störf hans erlendis. Besti þyrluflugmaður á Íslandi fyrr eða síðar, það sögðu allir vinir afa hans sem höfðu komið í heimsókn eftir að hann dó.

"Eru þyrluflugmenn frá bandaríska hernum að bera kistuna hans afa?" spurði Óskar hissa.

"Þetta eru reyndar geimfarar. Afi þinn tók þátt í þjálfun þeirra, réttara sagt þá sá hann um að skipuleggja þjálfunina" svaraði pabbi hans.

Óskar gat ekki stillt sig um að glápa á mennina. Bandarískir geimfarar sem afi hans þjálfaði. Óskar vissi að afi hans hafði haft mikinn áhuga á stjörnufræði og geimferðum en Óskar hafði ekki hugmynd um að afi hans hefði þjálfað geimfara. Afi hans hafði rætt um að bjóða honum með til Bandaríkjanna en Óskar hélt að það væri til að skoða þyrlur.

Óskar kunni að fljúga þyrilu. Óskar mundi ekki eftir sér öðru vísi en að afi hans væri að sýna honum hvernig stjórnþækin virkuðu eða hvernig þyrila flygi. Afi hans tók hann oft með í flug um helgar. Óskar fékk að stýra í fyrsta sinn þegar hann var 10 ára. Við fermingu hafði hann fulla stjórn, frá flugtaki til landingar.

Nú var afi dáinn, farinn. Óskar vissi ekki hvert. Hvað tekur við eftir dauðann? Ef hann fer til himna þá verður hann að minnsta kosti ekki í vandræðum með flugið.

"Af moldu ertu kominn, að moldu skaltu aftur verða" sagði prestuinn og stráði mold á kistuna. *Fyndið* hugsaði Óskar, þetta sagði afi hans svo oft. Afi hans var hins vegar vanur að bæta því við að mennirnir væru úr efni stjarnanna.

Það hafði snjóað um nóttina. Það var frost úti en logn og fallegt veður. Sólin skein lágt á lofti eins og alltaf í desember. Eyjafjallajökull var fagur í þessari sérstöku birtu. Frostþoka lá við jörðina. Það var eins og fólkið í kirkjugarðinum væri komið til himna.

Kistuberarnir, eða líkmennirnir eins og þeir kallast víst, létu kistuna síga niður í gröfina.

Kafli 3

Óskar og Logi gerðu sig klára til að gera við snjósleða úti í skemmu. Óskar sá bíl beygja inn í innkeyrsluna. Þetta var rauður Bens jeppi. Óskar þekkti tónlistina sem heyrðist langa leið. Óskar þekkti bara einn sem ók um á rauðum Bens og var alltaf með Queen í botni í græjunum. Benni Max var kominn í heimsókn.

Benni Max drap á bílnum en græjurnar voru enn í botni. "Don't stop me now" með Queen. Óskar kannaðist við tónlist Queen úr tölvuleikjum. Benni Max steig brosandí út úr bílnum. Hann var sterkbyggður með stórt nef og dökkt liðað hár niður á axlir. Benni heilsaði strákunum með handabandi. Óskar verkjaði í höndina.

Benni kynnti sig fyrir Loga.

"Sæll og blessaður. Ég heiti Benedikt Magnússon, þú hefur örugglega heyrt um Benna Max."

Logi kinkaði kolli

"Ég heiti Logi".

Óskar sá á svip Loga að hann var líka aumur í hendinni.

Benni hló

"Ég er æskuvinnur pabba Óskars, hóteleigandi og ævintýramaður. Pabbi Óskars er aðal leiðsögumaðurinn minn. Án

hans væru ævintýraferðirnar ekki það sem þær eru í dag."

Benni leit brosandí á Óskar

"Þú stækkar alltaf, þú verður líkari pabba þínum með hverju árinu Óskar, hávaxinn, grannur og dökkhærður, ég er viss um að stelpurnar láta þig ekki í friði"

Óskar þagði

"Hann hefur ekki tíma fyrir stelpur, það fer allur tíminn í tölvuleiki og snjólsleða."

Logi var líka hávaxinn en hann var rauðhærður. Óskari fannst nafnið fara Loga vel.

Benni benti á jeppann

"Hvernig líst ykkur á nýja Bens? Hann er beinskiptur, kraftmikill, með heilt stóð af graðhestöflum" sagði Benni og hló. Svo varð hann alvarlegri á svipinn.

"Satt að segja þá kom ég til að kíkja á aðstaður. Mig langar að reisa heilsuhótel hérna. Þið feðgar þurfið ekki að hafa áhyggjur, ég sé ykkur fyrir húsnæði áfram, en þið gætuð þurft að flytja ykkur aðeins."

Óskari var brugðið. Hann vissi ekki hvort hann þyldi meiri breytingar. Foreldrar hans skildu tveimur árum eftir gosið í Eyjafjallajökli, mamma hans flutti til Reykjavíkur en Óskar og pabbi hans í Fljótshlíðina.

"Heldurðu að þetta sé góður staður fyrir hótél, hérna á hólnum?"

"Kannski ekki beint á hólnum, en á jörðinni, landareigninni. Ég gæti samt þurft að rífa húsið. Ég er ekki

viss um að það myndi falla inn í þá ímynd sem ég hef í huga. Hólinn þarf jafnvel að hverfa líka. Þetta á að vera hugleiðslu- og náttúruþaradís. Fyrir ríka fólkið sem á sand af seðlum. Ég er með góð sambönd eftir atvinnumenskuna í Englandi".

Óskar hafði oft heyrt þabba sinn segja söguna af því hvernig fátaki bóndasonurinn undan Eyjafjöllum varð ríkur atvinnumaður í knattspyrnu í Englandi.

"Vandamálið við Íslendinga er að þeir hugsa of smátt. Þeir hugsa í krónum og aurum. Ég hugsa í milljónum, jafnvel milljörðum."

Benni benti á Eyjafjallajökul

"Þetta er fyrirmyndin mín, eldfjall sem lætur að sér kveða og lætur ekkert stoppa sig. En hann stoppar alla flugumferð í Evrópu ef hann bara kærir sig um".

Strákarnir fóru inn í skemmu á meðan Benni kannaði aðstæður. Óskar kíkti út annað slagið. Benni var ýmist í símanum eða að taka myndir. Benni inn í skemmuna eftir rúma klukkustund.

"Þetta er fullkominn staður, náttúruþaradís mátulega langt frá Reykjavík og Keflavíkurflugvelli. Frábært útsýni til jökulsins og til Vestmannaeyja"

Þegar Benni brosti urðu áberandi nefbrotin sem hann fékk í atvinnumenskunni. Hann var eitt sinn kjörin mesti varnarjaxlinn í ensku deildinni.

"Það var reyndar dóttir mín Etania sem fékk hugmyndina. Ef þetta verður tilbúið eftir þrjú ár þá verður hún orðin tvítug, nógu gömul til að verða hóteltjóri."

"Þið eruð magnaðir viðgerðamenn" sagði Benni sagði Benni og benti á snjósleðann. "Ég frétti af slysinu. Þú varst heppinn að drepa þig ekki Óskar."

Óskar þagði. Honum fannst tilhugsunin skelfileg að Etania yrði hóteltjóri.

"Hvar eru nýju sleðarnir sem ég keypti?"

Óskar benti honum innar í skemmuna, þar var breitt yfir tvo nýja sleða sem Benni hafði keypt fyrir ævintýraferðirnar. Benni fór og breiddi af sleðunum

"Þetta eru öflugustu snjósleðar sem til eru á Íslandi" sagði hann og brosti út að eyrum "Þegar þú verður búinn að æfa þig meira á gamla sleðanum Óskar þá færðu kannski að prófa þessa, en enga loftfimleika takk!" sagði Benni og blikkaði til Loga.

Strákarnir fylgdu Benna Max út úr skemmunni. Hann settist í Bensinn og keyrði rólega í burtu. Hann hækkaði í græjunum, nú var það "We are the Champions". Þegar Benni var kominn á aðalveginn gaf hann hressilega í. Óskar heyrði ekkert í bílnum en hann heyrði hins vegar vel í þyrlunni sem flaug beint yfir þá. Hún flaug í átt að næsta bæ til nýja dularfulla nágrannans.

Kafli 4

Óskar hljóp inn og greip kíkí. Hann hafði aldrei séð þyrluna áður og ekki heldur nýja nágrannann. Hann hafði heyrt í þyrlunni áður en verið niðursokkinn í tölvuleik með vinum sínum.

"Hvað sérðu?" spurði Logi

"Ég sé þrjár konur"

"Flugmann og þrjá konur?"

"Nei, bara þrjár konur"

"Kellingar?"

"Nei, tvær eru svona svipað gamlar og Helga kennari."

"Þrítugar?"

"Já, eitthvað svoleiðis. Kannski yngri. Kannski eldri.

Ég sé það ekki"

"En þessi þriðja?"

"Hún er svona 17 eða 18 ára"

"Ertu viss um að það hafi ekki verið neinn karl með?"

"Ég sá alla vega ekki fleiri"

Óskar beindi kíkínum að þyrlunni.

"Ég hef aldrei séð þessa gerð af þyrlu"

"Ég trúi því ekki. Þú þekkir allar gerðir."

Logi greip kíkinn af Óskari

"Mér sýnist þessi stelpa vera flott"

"Þetta gæti verið sérsmíðuð þyrla" sagði Óskar

"Þú ert svo náttúrulaus stundum"

"Finnst þér ekkert skrýtið að nágranni minn fljúgi um á sérsmíðaðri þyrlu" spurði Óskar og lét athugasemd Loga sem vind um eyru þjóta.

"Þetta gætu verið millar" svaraði Logi "að skoða Eyjafjallajökul, þær gætu hafa gist í nýja íshótelinu"

Íshótelið var hugmynd Benna Max. Óskar hafði aldrei séð hótelið en hann vissi að það var upp á Eyjafjallajökli. Benni Max hafði fengið að reisa eða grafa hótelið þrátt fyrir hávær mótmæli vísindamanna og verkfræðinga. Pabbi Óskars vissi að Benni Max hafði pólitíkusa í vasanum. Forseti Íslands var vinur Benna. Þeir voru saman í boltanum í gamla daga og fóru reglulega saman á leiki úti. Benni lánaði forsetanum stundum einkaþotuna sína.

Mamma Loga sótti hann um kvöldmatarleytið. Hún bauð Óskari í mat en hann afþakkaði. Hann náði í pizzu í frystikistuna og hitaði í örbylgjuofninum. Óskar fór út með kíkinn eftir kvöldmat. Þyrlan var enn fyrir utan hjá nágrannanum. Það var stjörnubjart. Óskar sá Karlsvagninn. Afi hans kenndi honum að finna pólstjörnuna með hjálp Karlsvagnsins og þar með norðurátt.

Nokkrir hrafnar sátu upp á skemmunni. Þeir sátu um mýsnar. Hrafnarnir voru óvenju rólegir.

Óskar sá skilaboð í símanum. Loksins hafði pabbi hans samband.

"Hæ, hvað segir þú?"

"Ekki mikið, hvenær kemurðu heim?"

"Vonandi fljótt, Benni vill að þessi hópur fái sérstaka meðferð, þau eiga eftir að sjá norðurljósin"

"Kemur mamma að borða með okkur?"

"Á afmælisdaginn þinn?"

"Já"

"Við vorum ekki búin að ræða það alveg. Hvað langar þig að fá í afmælisgjöf"

"Ekkert sérstakt"

"Hvenær kemur mamma þín til landsins? Hefurðu heyrt í henni?"

"Aðeins, hún er á endalausum fundum. Hún kemur á morgun eða hinn."

Óskar langaði mest af öllu að þau borðuðu saman kvöldverð á afmælisdaginn hans, bara þau þrjú.

Kvöldið fór í tölvuleiki. Klukkan var orðin rúmlega 12 og Óskar var farinn að geyspa.

"Ég er farinn að sofa"

"Hey, tökum einn leik enn" sagði Logi. Þeir voru vanir að vera til klukkan eitt.

"Það verður að bíða þangað til annað kvöld"

"Ókei" sagði Logi "en við verðum lengur á morgun, það er vetrarfrí á þriðjudag og miðvikudag. Og svo er ferð með björgunarsveitinni á fimmtudag. Ef þú þorir."

"Hvað meinarðu, ef ég þori"

"Þú varst nú ekkert spenntur að klifra upp vegginn hjá þeim á æfingunni síðast"

"Ég var meiddur í öxlinni"

"Einmitt, fórstu nokkurn tímann upp vegginn?"

Óskar svaraði ekki spurningunni. Námskeiðið hjá björgunarsveitinni var gagnlegt. Óskar hafði lært marga, en þó mest um sjálfan sig.

"Jæja, ég ætla ekki að þína þig" sagði Logi hlæjandi "sjáumst á morgun".

Þegar Óskar var búinn að tannbursta lagðist hann í rúmið og tók upp fjarstýringu og stýrði dróna um herbergið. Hann lét drónann taka hring um loftljósið og fljúga að þakglugganum. Óskar fann að hann var farinn að dotta. Dróninn brotlenti á skrifborðinu hans. Óskar hrökk upp. Dróninn virtist óskemmdur. Óskar prófaði stutt flug. Allt virkaði eins og það átti að gera. Óskar stýrði drónanum til lendingar við hliðina á rúminu. Hann lagðist á hliðina og dró sængina upp fyrir haus.

Óskar vaknaði við hátt brothljóð og högg sem henti honum til í rúminu. *Jarðskjálfti! Hvað hafði gerst? Keyrði einhver á húsið?* Óskar hljóp niður og út. Hann stóð á planinu og horfði á húsið. Nýlegt tveggja hæða timburhús. Hann mundi nú að á æfingum í skólanum var lögð áhersla á að hlaupa ekki út. Þetta högg var ekki eins og jarðskjálfti, það var meira eins og einhver hefði keyrt á húsið. Enginn bíll var sjáanlegur. Óskar leit upp og sá ljós færast til vesturs,

þota sem var á leið til lendingar í Keflavík. Honum var skítkalt. Hann var bara á nærbuxunum. Annar fóturinn var blóðugur. Það var blóð í snjónum.

Kafli 5

Óskar fór aftur inn. Hann vissi að húsið myndi standa af sér jarðskjálfta. Það mun svigna en ekki brotna hafði pabbi hans sagt. Óskar fór í inniskó. Sárið var bara smá skeina, það blæddi ekki lengur úr fætinum. Hann fór upp í herbergi. Það var ryk í herberginu og glerbrot út um allt gólf. Þakglugginn var brotinn. Dróninn var ... ekki á gólfinu! Óskar trúði ekki eigin augum. Það var gat á gólfinu þar sem dróninn hafði staðið. Gatið var nógu stórt til að handbolti kæmist þar í gegn.

Óskar sá ekki í gegnum gatið. Það var myrkur niðri í stofu. Hann fór niður stigann, inn í stofu og kveikti ljós. Gatið í loftinu leyndi sér ekki og píanó pabba hans var brotið. Hundrað ára ættargripur var nú klofinn í tvennt. Óskar leit ofan í píanóið. Sökudólgurinn var í miðju píanói. Það var steinn sem var á stærð við tveggja lítra gosflösku.

Óskar hringdi í Loga. Logi svaraði seint en loks birtist andlit hans. Augun voru hálflokuð.

"Hvað?"

"Þú trúir ekki hvað gerðist!"

"Segðu mér það á morgun" Logi leit neðar á símann sinn
"klukkan er hálf þrjú"

"Það kom steinn í gegnum þakgluggann hjá mér, í gegnum gólfið og braut píanóið í stofunni"

Óskar sýndi Loga píanóið og gatið í loftinu.

"Ertu ekki að djóka?" Logi var glaðvaknaður "sýndu mér steininn!"

Óskar kveikti á ljósinu í símanum og beindi honum ofan í píanóið.

"Hvaðan heldurðu að steinninn hafi komið?" spurði Logi "heldurðu að nágranninn hafi látið hann falla úr þyrlunni á þig"

"Nei, ég heyrði ekki í þyrlu og hún var fyrir utan húsið hjá honum þegar ég hljóp út eftir höggið. Ég sá hins vegar þotu sem var örugglega að fara að lenda í Keflavík. Steininn gæti hafa fallið úr henni. Kannski hafa hjólin verið sett niður og steinninn hefur losnað."

"Það er líkleg skýring" sagði Logi "er þetta venjulegur steinn, eða er þetta kannski malbik af flugvelli?"

Óskar snerti steininn varlega og tók hann svo upp. Steininn var kaldur, dökkur og óreglulegur. Hann var álíka stór og tveggja lítra gosflaska.

"Ég hef ekki séð svona stein áður" sagði Óskar "og þetta er ekki malbik af flugvelli."

"Hvað er hann þungur? Vigtaðu hann"

Óskar vigtaði steininn fram í eldhúsi, hann vóg 6,6 kg.

"Sendu mynd, ég ætla að bera saman við myndir á netinu" sagði Logi "ég ætla að nota myndaforritið". Logi var snillingur að vinna með myndir.

Logi hringdi aftur eftir nokkrar mínútur, hann var andstuttur.

"Fannstu eitthvað sem passaði?"

"Nei, ég var ekki kominn svo langt, en ég sá Facebook og Twitter"

"Og hvað var þar?"

"Það kom vígahnöttur yfir Ísland. Hann sprakk þegar hann var í 20 eða 30 km hæð."

"Hver segir þetta?"

"Það eru video á netinu frá fólki sem var að mynda norðurljósinn. Farþegar og flugmenn þotu sáu þetta og veðurstofan tvítaði líka um þetta"

"Vígahnöttur?"

"Já, eldhnöttur, stór loftsteinn sem lýsir upp himininn"

Óskar og Logi rannsökuðu steininn fram eftir nóttu. Logi gat ekki staðfest neitt með myndasamanburði, en steinninn líktist vissulega loftsteini. Þeir vildu ekki brjóta steininn til að kanna innri gerð. Þetta var hugsanlega verðmatur steinn. Klukkan var farin að ganga sjö um morguninn þegar þeir lögðu sig. Það var stutt í fyrstu kennslustund.

Kafli 6

Í skólanum var rætt um fátt annað en loftsteininn. Allir voru á kafi í spjaldtölvum eða sínum að skoða video af vígahnettinum. Bekkurinn var kominn inn í stofu og Þóra kennari koms varla að. Í dag var símatími, sem þýddi að krakkarnir máttu vera með síma í fyrstu tveimur kennslustundunum.

"Þögn, krakkar, þögn" röddin brast hjá Þóru og tvær stelpur fóru að hlæja.

Óskar og Logi sátu kyrrir. Gunnar bekkjarfélagi þeirra var eins og skopparakringla um stofuna.

"Sestu Gunnar, og líka þið stelpur"

Þóra andvarpaði.

"Sá eitthvert ykkar loftsteininn?"

Það var eins og Þóra skvetti olíu á eld. Bekkurinn breyttist í fuglabjarg á einu augnabliki. Þóra átti fullt í fangi með að fá þau til að setjast og þegja. Lísu rétti upp hönd.

"Lísu, sást þú loftsteininn?"

"Sko, ég sá hann ekki" sagði Lísu "en bróðir minn var á leið frá Reykjavík og kærastan hans tók mynd". Lísu lyfti símanum upp. Bekkurinn breyttist aftur í fuglabjarg. Nokkrir krakkar hlupu til Lísu og aðrir kepptust við að sýna myndir úr eigin sínum.

"Ég skil ekki hvað er svona merkilegt" hrópaði Gunnar "Steinn er bara steinn, sama hvaðan hann kemur". Nú þögnuðu allir og biðu eftir að Þóra svaraði.

Þóra brosti "Þeir eru merkilegir vegna þess að þeir veita mikilvægar upplýsingar um sólkerfið. Við eigum ekki auðvelt með að fara út í geim og ná í sýnishorn til að rannsaka. Það má segja að sýnishornin komi til okkar."

"Veita þeir meiri upplýsingar en steinar á jörðinni?" spurði Logi

"Já þeir geta gert það. Flestir loftsteinar urðu til við myndun sólkerfisins, fyrir tæplega 5 milljörðum ára. Þeir eru því elsta bergið í sólkerfinu. Á jörðinni eru hins vegar sífelldar ummyndanir og eldgos. Bergið hér er miklu yngra."

"Hvaðan koma þessir loftsteinar?" spurði Lísu

"Loftsteinar eru lítil brot úr smástirnum eða reikistjörnum á sveimi um sólkerfið okkar. Þeir geta til dæmis orðið til við árekstur smástirna í smástirnabeltinu milli Mars og Júpíters, eða við árekstur smástirnis við reikistjörnu eða tungl."

"Geta smástirni farið af braut?" spurði Logi

"Já, það getur gerst" Þóra virtist ekki spennt að ræða það frekar.

"Hvað gerist þá?" spurði Lísu

"Ef smástirnið lendir á jörðinni þá þurrkumst við út eins og risaeðlurnar" svaraði Gunnar og það var greinilegt að honum leiddist ekki að fræða Lísu um þann möguleika.

Eftir umræður fékk bekkurinn það verkefni að vinna frétt um loftsteininn, til að birta á vefsíðu bekkjarins. Óskar var of syfjaður til að geta tekið þátt af viti. Logi lá fram á borðið en það var ekki í boði að sofa. Þóra sá til þess. Hávaðinn í krökkunum var ærandi. Kannski var þetta alltaf svona.

Óskar sá skilaboð í símanum, það var mamma hans sem var á spjallinu.

"Hæ, ég frétti af loftsteininum, er ekki allt í lagi þarna fyrir austan?"

"Jú, svo sem" Óskar hafði ekki heyrt í henni lengi.

"Eitthvað títt af þér? Gengur vel í skólanum?"

"Já, já. Hvenær kemurðu til Íslands?"

"Úff, Bretarnir elska lagaflækjur, en vonandi fer þetta að klárast"

"Þú kemur austur á afmælinu?"

"Já, en ég á eftir að ræða það við pabba þinn"

Óskar skildi ekki hvað þau þurftu að ræða.

"Það er að byrja fundur. Við heyrumst :)"

"Ein spurning, lögfræði, þín grein"

"Já?"

"Hver á loftstein sem fellur til jarðar?"

"Haha, þarna stend ég á gati. Ég þyrfti að skoða það."

"Hvaða lög gilda?"

"Ég veit ekki til þess að það séu sérstök lög á Íslandi sem gilda um loftsteina. Kannski bara túlkun á lögum um auðlindir. Fannstu loftstein?"

"Nei, bara að spá. Á ekki bara steininn sá sem finnur?"

"Ekki endilega"

Kafli 7

Óskar og Logi misstu af skólabílnum. Þeir ákváðu að ganga heim til Óskars. Ef til vill myndi einhver taka þá upp í. Sólin skein en hún var ekki hátt á lofti. Það var frost en logn.

Það glitraði af snjónum eins og þar væru þúsundir demanta. Það brakaði í snjónum.

"Hvað ætlarðu að gera við steininn? Selja hann?"

"Ég veit ekki. Ég er ekki viss um að ég eigi hann."

"Auðvitað átt þú hann. Þú fannst hann."

"Vísindamenn þurfa örugglega að rannsaka hann. Það er ekki einu sinni öruggt að þetta sé loftsteinn. Þeir þurfa að staðfesta það."

"Auðvitað er þetta loftsteinn. Þeir geta fengið sýnishorn. Þú getur orðið milljónamæringur. Við getum ferðast til útlanda saman. Þið pabbi þinn getið flutt í ykkar eigið hús."

Óskar var viss um að pabbi hans vildi búa í eigin húsi.

"Líttu á þetta sem tækifæri Óskar. Hugsanlega getur steinninn orðið til þess að þið sameinist fjölskyldan aftur."

Óskar kinkaði kolli en þagði. Hann var tilbúinn að berjast fyrir því.

"Þældu í því, hverjar eru líkurnar að fá loftstein nánast í hausinn, og það í eigin herbergi? Þetta er svo brjáláð. Þú verður heimsfrægur þegar þetta fréttist."

"Ég hef engan áhuga á því að verða frægur."

En hann hafði áhuga á því að sameina fjölskylduna aftur.
Bara að þau gætu búið aftur saman þrjú.

Strákarnir náðu að húkka far. Tveir Bandaríkjamenn á Ford jeppa buðu þeim að sitja í. Kanarnir áttu vart orð til að lýsa Íslandi.

"Totally awesome!"

Þeir voru frá Texas og voru á hringferð um Ísland. Þeir voru nýkomnir með ferjunni frá Vestmannaeyjum og sögðust bara vera að rúnta um að taka myndir. Þeir voru spenntir fyrir Eyjafjallajökli og sögðust eiga pantaða gistingu á íshótelinu.

"We are very excited. This is like being on another planet!"

Óskar og Logi fengu far með þeim heim að innkeyrslu og gengu þá 200 metra sem voru heim að húsi. Þyrlan var ekki sjáanleg fyrir utan næsta bæ.

"Það væri nú áhugavert að hitta þennan nýja nágranna þinn"

"Já, svo sem"

"Ætli hann hafi ekkert heyrt um drauginn áður en hann flutti inn"

"Meinarðu Hallgerði?"

Það var altalað í sveitinni að Hallgerður langbrók væri gengin aftur. Pabbi Óskars sagði honum að sú saga hefði farið á kreik þegar húsið stóð tómt.

"Það var bara auglýsingabrella" sagði Óskar

"Hvað meinarðu?"

"Já, þessi saga var notuð til að auglýsa Njáluferðir. Húsið var viðkomustaður í ferðunum. Staðurinn tengist ekkert Njálu. Hallgerður kom aldrei þarna."

"En fólk segist hafa séð drauginn" mótmælti Logi.

"Það tekur þátt í leiknum"

"Ég trúi því alveg að Hallgerður hafi gengið aftur. Hún var þannig týpa." Logi talaði af sannfæringu en Óskar gat ekki annað en brosað. Bekkurinn var nýbúinn að gera vefsíðu um Njálssögu. Logi og Lísu rifust heila kennslustund um það hvort Hallgerður hefði farið illa með mann sinn, Gunnar á Hlíðarenda.

Þeir fengu sér heitt kakó og kex þegar þeir komu inn.

"Jæja, hvar er steinninn?" spurði Logi þegar hann var búinn að renna niður fimm eða sex kexkökum.

"Hann er í frysti"

"Af hverju?"

"Af hverju ekki? Ef þetta er loftsteinn þá er hann vanur frosti"

Frystikistan var inn af eldhúsinu. Óskar opnaði hana. Loftsteinninn var horfinn.

Kafli 8

Óskar og Logi leituðu í öllu húsinu en steininn var hvergi að finna.

"Við þurfum að láta lögregluna vita" sagði Logi

"Nei, ég vil ekki auglýsa það að loftsteinninn hafi lent á húsinu. Þabba fannst alveg nóg um átroðning fréttamanna og ljósmyndara í gosinu. Auk þess myndi lögreglan byrja á því að hringja í mömmu eða þabba og það yrðu bara vandræði."

"Þessir Bandaríkjamenn hafa örugglega tekið steininn" sagði Logi og leit út um gluggann .

"Það efast ég um" svaraði Óskar "hvernig áttu þeir að vita um hann?"

"Þeir gætu verið Team Meteorite, ég setti inn link í verkefninu í morgun"

"Varstu ekki sofandi?"

"Nei, Þóra vakti mig"

"Þeir gætu ekki verið svona snöggir til Íslands"

"Þeir gætu hafa verið á ferð í Evrópu, það er bara þriggja tíma flug frá Kaupmannahöfn. Það er meira að segja möguleiki að þeir hafi getað flogið frá Bandaríkjunum."

"Og bara verið búnir að finna steininn strax?" Óskar hristi höfuðið

"Þeir hafa verið snöggir að reikna út landingarstað. Þeir gera ekkert annað en að eltast við loftsteina og selja."

Logi sýndi Óskari vefslóðina til Team Meteorite. Það voru tveir menn sem ferðuðust um allan heim í leit að loftsteinum. Þeir voru ekki ósvipaðir mönnunum sem strákarnir fengu far með. Á síðu þeirra kom fram að loftsteinar geta verið margfalt verðmætari en gull.

"Við erum kannski að tala um milljónir eða milljónatugi" það var glampi í augum Loga. Óskar sá fyrir sér glampa í augum gullgrafara.

"Mér er sama um milljónir" svaraði Óskar, en honum var ekki sama um tækifæri til að sameina fjölskylduna aftur. Gosið í Eyjafjallajökli sundraði fjölskyldunni. Kannski þurfti loftstein til að sameina hana aftur.

"Þetta er bara svo ólíklegt" sagði Óskar "með þessa Bandaríkjamenn"

"Ekki ólíklegra en að fá loftstein næstum í hausinn" Logi yppti öxlum.

Strákarnir fóru út til að leita að dekkjaförum eða sporum í snjónum. Óskar sá spor liggja út af planinu. Óskar fylgdi þeim og sá för sem hann þekkti strax.

Hann benti Loga á förin

"Þyrlan hefur lent hérna"

"Andskotinn" sagði Logi "og sporin liggja að húsinu. Hvað getum við gert?"

"Við förum heimsókn til nágrannans" svaraði Óskar rólegur.

Kafli 9

Myrkrið var skollið á þegar strákarnir hlupu yfir túnið. Þeir völdu þá leið sem var snjóléttust.

"Ég held að það sé enginn í húsinu" sagði Óskar þegar þeir voru komnir upp að því. Ljósinn voru slökkt inni en það var kveikt á útiljósunum.

"Nema Hallgerður langbrók" hvíslaði Logi. Óskar var ekki viss hvort Logi væri að grínast eða ekki.

"Ég væri alveg til í að hitta Hallgerði" Óskar glotti "hún var hávaxin og fögur".

"Já, en líka skapmikil og hefnigjörn" svaraði Logi alvarlegur.

Kjallaradyrnar voru ólæstar. Óskar fór inn en Logi hikaði.

"Logi, gleymdu þessum draug. Þetta er bara rugl í fólki. Við höfum ekki tíma fyrir svona vitleysu."

Logi gekk inn.

Óskar fálmaði í myrkrinu en kveikti svo ljós á símanum. Þeir læddust áfram.

Allt í einu stökk Logi til hliðar og lenti á Óskari.

"Hvað ertu að gera?"

"Þetta var mús" sagði Logi skömmustulega.

"Í alvöru Logi, við látum ekki eina litla mús eyðileggja fyrir okkur"

Óskar sá mýs daglega í kringum skemmuna eða inni í skemmunni. Hrafnarnir sáu um mýsnar.

"Það verður erfitt að finna loftsteininn ef hann er hér niðri. Hér er allt fullt af drasli" hvíslaði Óskar og passaði sig á að rekast ekki í neitt.

Þeir fundu loks stiga sem lá upp á næstu hæð. Þar var stofa og eldhús en þeir fundu ekki loftsteininn. Þeir fóru upp á efri hæðina. Þar var vinnustofa sem var full af mælitækjum og tölvum.

"Hvaða fólk er þetta eiginlega?" Logi fletti kortum sem voru á stóru borði í miðju herbergi. Þetta voru kort af Eyjafjallajökli.

Skyndilega heyrðu þeir hljóð í þyrlu, áður en varði var hún lent fyrir utan húsið.

"Komum niður í kjallara" sagði Óskar.

Logi var frosinn.

"Strax Logi!"

Logi stóð eins og stytta horfði dáleiddur aftur fyrir Óskar.

Óskar sneri sér við. Hann sá ekki neitt.

"Ég sá drauginn" sagði Logi stjarfur "ég sá Hallgerði!"

Óskar tók í hönd Loga og teymdi hann með sér niður stigann.

Fólkið kom inn í húsið um leið og þeir fóru niður í kjallara.

"Komum okkur út" hvíslaði Óskar "passaðu þig að rekast ekki í"

Skyndilega rak Logi upp hálfkæft óp.

"Logi!" Óskar var að missa þolinmæðina

"Það straukst eitthvað við eyrað á mér" Logi gat varla talað, röddin skalf

"Þetta er draugurinn!" bætti hann við.

Óskar óttaðist að Logi myndi fara á taugum,

"Rólegur Logi, við erum að verða komnir út"

Kjallaradyrnar opnuðust uppi og þeir sáu móta fyrir manneskju í dyrunum.

Logi hljóp af stað áður en Óskar gat stöðvað hann.

Logi rak upp óp og Óskar heyrði eitthvað hrynja og skella í gólfinu.

"Hjálp, augun, ég sé ekkert" stundi Logi.

Einhver kveikti ljósin.

Logi lá á góflinu við hliðina á tröppum sem hann hafði hlaupið um koll. Hann virtist alblóðugur.

Kafli 10

Á gólfinu var tóm málningarfata. Það sást varla í andlitið á Loga fyrir málningunni. Hávaxin og ljóshærð kona gekk til Óskars og Loga. Logi þurrkaði málningu úr augunum. Konan brosti vinalega.

"Sælir, ég heiti Vala."

"Rósanna, hjálpaðu honum að ná málningunni".

Rósanna náði í handklæði og hjálpaði Loga. Rósanna var dökkhærð með brún augu. Hárið náði niður á bak. Óskar gat vart slitið augun af Rósönnu. Hún var eldri en hann, 16 eða 17 ára.

"Rósanna er frænka mín" hélt Vala áfram "og þetta er Hekla".

Hekla virtist aðeins yngri en Vala. Hún var lágvaxin með stutt svart hár.

"Og þú ert nágranni minn, ekki rétt?"

"Jú, ég er Óskar og þetta er Logi, vinur minn" muldraði Óskar.

Hvernig vissi hún hver hann var?

"Og þið eruð komnir í heimsókn?"

Vala lét eins og ekkert væri eðlilegra.

"Við komum einmitt við í dag, en þið voruð ekki heima" sagði hún.

Óskar leit á Loga. Málningin var ekki alveg horfin.
Hann var eins og logandi kyndill.

"Hvað voruð þið að gera hér?" spurði Hekla.

Hekla var ekki jafn blíð á tóninn og Vala.

"Við vorum að leita að loftsteininum" missti Logi út úr sér.

"Loftsteininum sem féll í nótt?" spurði Rósanna.

Þær voru allar undrandi á svipinn. Logi kinkaði kolli.
Það varð löng þögn. Óskar reyndi að átta sig á stöðunni sem var komin upp.

"Af hverju ætti hann að vera hér?" spurði Vala loks.

"Loftsteinninn féll í gegnum herbergið hans Óskars og svo tók einhver steinninn á meðan við vorum í skólanum."

Þær störfðu á strákana og litu svo hver á aðra eins og þær tryðu ekki því sem Logi var að segja. Vala settist niður.
Hún leit á Óskar.

"Varstu í herberginu þegar steinninn lenti á húsinu?"

"Já, ég var sofnaður"

"Þú ert heppinn að vera lifandi" sagði Rósanna og lagði hönd á öxl Óskars. Hann fann strauuma um allan líkama en reyndi að láta ekki á neinu bera.

"Ég get alveg fullvissað ykkur um það að við tókum ekki steinninn" sagði Vala.

"Við vinnum fyrir verkfræðistofu. Ég er verkfræðingur og Hekla er jöklafræðingur. Þessa dagana erum við að rannsaka Eyjafjallajökul. Það er hluti af alþjóðlegri rannsókn."

Hekla settist og virti strákana fyrir sér, hún var mildari núna.

"Við getum hugsanlega hjálpað, við erum í samstarfi við marga vísindamenn, þar á meðal stjarnfræðinga. Svo lærði ég eitthvað um þetta í háskólanum."

Óskar lyfti símanum upp

"Við tókum myndir"

Vala og Hekla stukku á fatur til að skoða myndirnar. Rósanna stóð við hlið Óskars, þétt upp að honum. Logi leit á Óskar og setti upp spurnarsvip. Óskar yppti öxlum.

"Þetta er myndarlegur steinn" sagði Vala

"6,6 kíló" sagði Logi eins og stoltur faðir nýfædds barns.

"Það er erfitt að greina af myndunum hver gerðin er eða hvaðan hann kemur. Það þarf að rannsaka steinininn"

"Er hann verðmætur" spurði Logi.

"Já hann er verðmætur, sama hver uppruni eða gerðin er. Sagan sem fylgir honum gerir hann verðmætan." Hekla rýndi í myndirnar.

"Verðmætari en gull?" Logi iðaði

"Ef hann er sjaldgæfur, til dæmis frá Mars, þá er hann margfalt verðmætari en gull".

"Við verðum að finna steinininn Óskar!"

Óskar sá gullglampa í augum Loga.

Kafli 11

Kvöldmatur var síðbúinn, kjúklingur og franskur. Strákunum var boðið í mat. Óskar mundi ekki hvenær hann borðaði almennilegan kvöldmat síðast.

"Hefur einhver verið nálægt húsinu þínu nýlega" spurði Vala "ég meina hefurðu séð einhvern eftir að steinninn féll á húsið".

"Nei, nema við fengum far með tveimur Bandaríkjamönnum" svaraði Óskar

"Benni Max kom líka um daginn. En það var áður en þetta gerðist".

"Þekkirðu Benna Max?" spurði Vala

"Hann er gamall vinur pabba"

"Pabbi hans er leiðsögumaður hjá Benna" sagði Logi "Benni á húsið."

Logi hámaði í sig kjúklinginn, Óskar reyndi að hemja sig.

"Benni er sérstakur. Við hittum hann þegar við vorum upp á jökli" sagði Vala "hann vildi fyrst allt fyrir okkur gera. Þegar við spurðum hann um hótelið var hann rogginn, en fór svo í vörn þegar við sögðum honum að við værum að rannsaka jökulinn."

"Ég myndi ekki vilja gista í íshótelinu" sagði Hekla

"Af hverju ekki?" spurði Óskar

"Þetta er ekki öruggur staður fyrir íshótel eða annað hótél. Mér finnst ótrúlegt að þetta hafi verið samþykkt" Hekla benti í átt til Eyjafjallajökuls "þetta er virkt eldfjall".

"Við förum að mæla á morgun" sagði Vala "eftir það getum við hjálpað ykkur að finna steininn."

Óskar var ánægður að fá hjálp en hann óttaðist að leitinn þyldi enga bið.

Eftir mat sagði Vala strákunum frá rannsóknum þeirra á jöklinum. Hún sýndi þeim mælitækin og forritin sem notuð voru til að vinna úr mælingum.

"Þessar þrívíddarmyndir eru magnaðar" sagði Logi

"Við notum nýjustu tækni" sagði Vala stolt

"Ég hef aldrei séð þessa gerð af þyrlu" sagði Óskar

"Nú, nú, einn sérfróður" sagði Vala og hló "hún virkar alveg eins og venjuleg þyrla en við þurfum sérstakan útbúnað vegna mælinga".

"Við höfum ekkert séð flugmanninn" sagði Logi

Vala og Hekla litu hvor á aðra og skelltu upp úr.

"Flugmaðurinn er mjög dularfullur gaur" sagði Vala

"Engar áhyggjur þið fáid að sjá flugmanninn"

Hekla velti fyrir sér myndum af loftsteininum. Hún lá í sófa og var dreymin á svip.

"Hafið þið heyrt um panspermia kenninguna?" spurði hún. Hún beið ekki eftir svari. "Hún er um það að líf berist um

geiminn meðal annars með loftsteinum. Samkvæmt kenningunni barst líf þannig til jarðarinnar."

"Dreifist lífið þannig um geiminn?" Logi starði á Heklu.

"Já, samkvæmt kenningunni" Hekla brosti "og nær að dafna þar sem aðstæður eru góðar."

"Geimverur eru þá til?" Logi var sestur í stól við hlið Heklu.

"Já sennilega, í einhverju formi" svaraði Hekla og hélt áfram "en þannig getur líf líka borist frá jörðinni. Segjum til dæmis að smástirni myndi lenda á jörðinni og þeyta efni lengst út í geim. Þá gætu harðgerar lífverur borist burtu frá jörðinni"

"Þalið í þessu" sagði Rósanna og leit á Óskar "hugsanlega voru geimverur í loftsteininum þínum!"

Óskar þagði.

"Við verðum að finna steininn" sagði Logi og stóð upp.

"Sjáið hér" sagði Vala spennt og rýndi í tölvuskjá. Þau hópuðust í kringum Völu.

"Þetta er loftmynd af svæðinu vestan við jökulinn. Hún nær yfir Fljótshlíðina. Sjáið hvað kemur í ljós þegar ég súmma inn"

Vala stækkaði myndina þannig að hús hennar og Óskars sáust vel. Það var bíll fyrir utan hjá Óskari.

"Hvenær var þessi loftmynd tekin?" spurði Óskar

"Í morgun klukkan 10"

"Geturðu súmmað betur inn á húsið mitt?"

Vala súmmaði inn.

Óskar þekkti bílinn, jafnvel af loftmynd. Hann var rauður.

"Benni Max" hrópuðu Óskar og Logi.

Kafli 12

Óskar vaknaði við hljóð í þyrlu. Nágrannarnir á leið í mælingaferð. Óskar ýtti við Loga sem hafði fengi að gista heima hjá Óskari. Logi rumskaði ekki.

"Logi, drífum okkur"

"Drífum okkur hvert?" Logi var með lokuð augun

"Til Benna Max." Óskar klæddi sig í fötin

"Ef Benni er með steininn þá verður hann fljótur að selja hann úr landi."

"En við höfum ekkert far" Logi nuddaði augun

"Við förum á snjósleðum" sagði Óskar.

Logi settist snögglega upp

"Ertu brjálaður? Á nýju snjósleðunum? Hvað heldurðu að pabbi þinn segi?"

"Hann er upp á hálendi" svaraði Óskar

"Benni Max tryllist" sagði Logi og klæddi sig í buxur.

"Mér er nákvæmlega sama hvað Benni Max segir. Ef hann hefur tekið loftsteininn þá má hann tryllast eins og hann vill. Drífum okkur í snjógalla og tékkum á þessum sleðum".

Óskar og Logi fóru út í skemmu og færðu sleðana út fyrir skemmudyr. Sleðagalli Loga var númeri of lítill og hann var bara í íþróttaskóm. Að öðru leyti voru þeir klárir, með hlífðargleraugu og hjálma.

Óskar fann fyrir kulda á hálsinum á leiðinni.

Vindkælingin jókst með hraðanum. Logi hlaut að vera að frjósa á fótunum. Þeir keyrðu meðfram veginum leiðina austur. Þeir þurftu að fara yfir á brúnni. Það var snjór alla leið.

Loks komu þeir heim að húsi Benna Max. Húsið var á þremur hæðum. Óskari fannst það líkjast meira hóteli en íbúðarhúsi. Rauði bensinn hans Benna stóð fyrir utan. Við hlið hans var svartur Porche sportbíll. SvARTHÆRÐ stelpa kom út úr húsin og gekk að Porchinum. Þeir drápu á sleðunum. Þetta var Etanina. Hún virti þá fyrir sér.

"Rosalega eruð þið kuldalegir"

Strákarnir þögðu.

"Hvað eruð þið að gera hér?"

"Við ætlum að hitta pabba þinn" sagði Óskar

"Hann er á fundi"

"Við getum beðið" sagði Logi. Logi skalf. Honum var greinilega kalt eftir ferðina.

"Þið bíðið þá bara, ég þarf að undirbúa veislu um næstu helgi" Etania brosti

"Þið gætuð verið þjónar, í þessum búningum" hún hló.

Óskar hafði heyrt sögur úr partýum Etaniu. Hann trúði þeim öllum.

"Þið getið beðið í anddyrinu. Pabbi verður búinn eftir svona klukkutíma."

Etania settist í svarta Porchinn. Hún tók sér góðan tíma í að snyrta sig í baksýnisspeglinum áður en hún lagði af stað. Hún hækkaði í græjunum, "Love Yourself" með Justin Bieber.

"Eigum við að bíða í anddyrinu?" spurði Logi

"Nei, við leitum í húsinu"

Þeir tóku af sér hjálmana og gengu inn í húsið.

Kafli 13

Óskar og Logi fóru inn um ólæstar útidyrnar. Þeir komu inn í stórt anddyri og þaðan að löngum gangi. Í anddyrinu voru leðurstólar og antík viðarborð. Innar var langur gangur til hliðar en beint af augum var stigi upp á næstu hæð. Á veggjunum voru málverk þar með Eyjafjallajökull í aðalhlutverki.

Óskar heyrði menn ræða saman á hæðinni fyrir ofan en hann heyrði ekki orðaskil. Hann þekkti rödd Benna Max. Þeir læddust upp stigann að herbergi þar sem dyrnar voru lokaðar en það mátti greinilega heyra að Benni Max var æstur.

"Ég vil fá þessi leyfi strax. Bæði fyrir stækkun á íshótelinu og líka fyrir nýja hótelið. Þú verður að hypja upp um þig buxurnar maður. Ég nenni ekki svona seinagangi. Ég veit ekki til hvers ég var að borga þessa ferð til Flórída fyrir þig og fjölskylduna."

Óskar heyrði einhvern hálfstamandi inni en heyrði ekki hvað hann sagði. Óskar heyrði vel í Benna Max

"svo nenni ég ekki heldur að hlusta lengur á þetta kjaftæði um að íshótelið sé óöruggt og ef ég fæ þennan heilbrigðisfulltrúa aftur í heimsókn þá sný ég hann sjálfur úr hálsliðnum."

Óskar glotti en hann sá að Logi var náfölnur.

Þeir heyrðu að einhver kom upp stigann og flýttu sér inn ganginn og inn í herbergi sem var opið. Þeir sáu ekki hver kom upp stigann en hljóðin voru frá hælaskóm. Var Etania komin strax aftur?

Óskar fór upp að veggnum og reyndi að hlera. Logi pikkaði í Óskar og benti honum á íþróttatösku á miðju gólfinu. Óskar opnaði töskuna og trúði vart eigin augum. Loftsteinninn var í töskunni. Óskar tók töskuna upp. Nú þurfti þeir að forða sér fljótt.

"Verið rólegir drengir, þið eruð ekki að fara neitt með þessa tösku."

Benni Max var kominn inn í herbergið ásamt Etaniu.

Óskar greip fastar um töskuna

"En ég á loftsteininn sem er í henni"

"Ég myndi nú ekki vera of viss um það Óskar. Steininn lenti á húsinu mínu. Ef einhver á hann þá er það ég." Benni Max brosti.

"Ég ætla að gefa Etaniu steininn. Hún er með viðskiptahugmyndir."

"Ætlið þið að selja steininn einhverjum millum?" spurði Logi

"Það kemur þér reyndar ekkert við" sagði Etania "en afi þekkir fullt af furðulegum söfnurum".

Óskar hafði heyrt um afa Etaniu. Hann var listverkasali í Englandi. Einn af ríkustu mönnum Englands.

"Við seljum kannski hluta" sagði Benni "og höfum hluta til sýnis á hótelnunum. Það græða allir á því, líka þú Óskar og pabbi þinn."

"Það snýst ekki allt um að græða peninga" sagði Óskar.

"Ekki vera svona barnalegur" sagði Benni Max "lífið snýst um að nýta tækifærin. Þessi loftsteinn er sannkölluð himnasending og býður upp á viðskiptatækifæri sem við getum ekki látið fara fram hjá okkur."

"En vísindamenn þurfa að rannsaka steininn. Hann getur veitt mikilvægar upplýsingar" sagði Óskar.

"Vísindi er fín Óskar minn en það er allt of mikil áhersla á þau í nútímasamfélagi. Mennt þurfa ekki að skilja allt milli himins og jarðar. Fólk þarf að læra að njóta án þess að þekkja hvert mólikúl eða atóm."

Benni Max átlaði að taka töskuna af Óskari en Óskar náði að smeygja sér fram hjá honum og hljóp af stað út úr herberginu

"hlauptu Logi" kallaði Óskar.

Logi hljóp á eftir Óskari. Þeir hlupu niður stigann og út fyrir hús. Snjósleðinn fór strax í gang hjá Óskari. Logi var ekki kominn á sleðann sinn. Hann leit til baka og sá að Benni Max hafði náð Loga. Óskar drap á sleðanum.

Etania tók töskuna af Óskari.

"Ég held að það þurfi að kæla ykkur aðeins drengir" sagði Benni Max.

Benni tók í handleggina á þeim og leiddi þá að bílskúr sem stóð skammt frá húsinu. Þeir voru eins og hvolpar í höndunum á honum.

"Ég leyfi ykkur að dúsa hérna aðeins og hugsa ykkar mál. Við þurfum vinnufrið."

Benni fór út úr skúrnum og læsti.

"Andskotans, við erum fastir hérna" sagði Logi

Það var aðeins hægt að opna með lykli, líka innan frá.

"Nú fara þau og selja steininn".

Logi sparkaði í dekkið á svörtum Bens jeppa.

Kafli 14

Logi haltraði eftir sparkið í bílinn. Hann settist svo niður og hélt um fótinn.

"Trúirðu á líf eftir dauðann" spurði Logi um leið og hann fór úr skónum.

"Þetta er ekki rétti tíminn fyrir svona spurningar Logi".

"Þetta er bara einföld spurning, geturðu ekki svarað henni"

Óskar vissi ekki hverju hann ætti að svara

"Ég trúi alla vega á líf fyrir dauðann".

Logi nuddaði tærnar

"Ef Benni skilur okkur eftir þá deyjum við"

"Þá skulum við einbeita okkur að því að komast út."

Logi hristi höfuðið.

"Það gætu verið göng frá bílskúrnum yfir í húsið" sagði Óskar og skimaði í kringum sig.

Óskar gekk um bankaði létt í veggina. Hvergi leynidyr. Ekkert að sjá á gólfinu.

"Að hugsa sér, að eitt smástirni geti útrýmt mönnum af jörðinni" Logi sat og nuddaði tærnar

"Ég held að það sé ekkert að fara að gerast, alla vega ekki strax" sagði Óskar

"Þú fékkst nú nánast loftstein í hausinn, það gæti alveg eins komið smástirni. Risastór klettur sem skellur skyndilega á jörðina."

"Þá bara deyjum við" sagði Óskar "en ég vil samt frekar hugsa um lífið en dauðann."

"Þældu í því" hélt Logi áfram "það gætu hafa verið lífverur í loftsteininum. Geimverur."

Óskar leitaði áfram að útgönguleið. Hann fann járnstöng sem hann pikkaði með í loftið. Það var hvergi smugu að finna.

"Það hlýtur að vera til guð" Logi var lagstur á dýnu.

Óskar lagði sig líka, bara til að hugsa málið. Hann ætlaði ekki að sofna. Hann sá að Logi var með spenntar greipar. Hann var sofnaður.

Óskar vaknaði við hrotur í Loga. Hann leit á klukkuna. Hann hafði sofið í tvær klukkustundir. Jeppinn! Hvernig gat hann klikkað á þessu? Óskar tók í hurðina á jeppanum. Hann var ólæstur. Óskar settist í bílstjórasetið. Bensinn var að minnsta kosti 10 ára gamall en vel með farinn. Óskar fann bíllyklana fljótt. Þeir voru ofan á geisladiskum í hólfi á milli sætanna. Þar voru bara diskar með Queen.

Óskar kallaði til Loga.

"Við getum reynt að keyra í gegnum bílskúrshurðina."

Logi reis upp. Óskari sýndist hann samt vera hálfsofandi enn þá.

"Við náum engum hraða" sagði Logi

"Ég ætla að reyna, passaðu þig". Óskar spennti beltið

Óskar setti bílinn í gang. Logi stökk upp í bílinn og spennti beltið líka. Bensinn var beinskiptur. Óskar bakkaði eins langt aftur og hann gat, steig á kúplinguna og gaf bensínið í botn. Hann sleppti kúplingunni. Bíllinn hentist á hurðina. Hún beyglaðist en brotnaði ekki. Óskar bakkaði aftur og gaf í. Nú losnaði bílskúrshurðin öðru megin og þeir sáu út. Í þriðju tilraun hentist bílskúrshurðin af festingum og lenti ofan á bílnum. Óskar keyrði áfram og bílskúrshurðin rann til hliðar af bílnum. Þeir voru sloppnir út úr bílskúrnum.

"Jess" öskraði Logi

"Aldrei að gefast upp Logi" hrópaði Óskar sigri hrósandi.

Húddið var beyglað og framrúðan brotin.

Óskar sá Benna og Etaniu koma hlaupandi út.

"Hvað nú" spurði Logi.

"Förum heim" sagði Óskar og gaf í.

Logi hækkaði í græjunum, "I want to break free" með Queen.

Kafli 15

Óskar vaknaði við dyrabjölluna sem hringt var látlaust.
Hann fór til dyra. Þar stóð Vala.

"Hvað, á bara að sofa í allan dag?"

"Nei, nei" Óskar leit á símann. Hann var enn ekki búinn
að jafna sig eftir gærdaginn.

"Ég er búin að hamast á dyrabjöllunni" sagði Vala og
brosti

"Ég var bara alveg rotaður"

"Það hlýtur að vera. Þú hefur ekki einu sinni vaknað við
þyrluna"

Þyrlan stóð á planinu og var í gangi.

"Ég er að fara upp á jökul að ná í mælitæki. Viltu koma
með?"

"Ég kem með" sagði Logi sem var kominn niður "hverjir
fara á jökulinn?"

"Við þrjú" svaraði Vala

"Við þrjú og flugmaðurinn?"

"Nei, bara við þrjú. Ég, þú og Óskar" Vala brosti "Ég
er flugmaðurinn!"

Logi varð skömmustulegur. Vala hló.

"Er ekki of hvasst fyrir flug?" spurði Logi

"Ekki fyrir vanan flugmann" sagði Vala og glotti "Farið
í hlý föt, snjógalla. Það er kalt á jöklinum".

Þyrlan hristist til þegar Vala tók á loft en hún var greinilega vanur flugmaður. Logi hélt sér fast.

"Benni Max lokaði okkur inni í gær" sagði Óskar "Við sluppum í burtu á bílnum hans. Hann elti okkur ekki".

"Hann hefur örugglega snúið sér að því að ganga frá sölu á steininum" sagði Logi.

"Hann getur stórgrætt" sagði Vala.

Óskar sat við hlið Völu og rannsakaði þyrluna. Þau voru komin hátt á loft.

"Þekkirðu stjórnþækin?" spurði Vala

"Eitthvað"

"Hefurðu komið í þyrlu áður"

"Nei"

"Hvernig þekkirðu stjórnþækin?"

"Ég hef flogið þyrlu í tölvuleikjum" sagði Óskar "og horft á mörg video um þyrlur, en ég hef aldrei komið í alvöru þyrlu."

"Hann er besti þyrluflugmaðurinn í tölvuleiknum" skaut Logi að.

"Þú veist hvað þá þetta er" Vala benti á T-laga stöng sem var á milli þeirra og náði til beggja sæta.

"Já, þetta eru stýripinnarnir eða cyclic" svaraði Óskar

"Einmitt þetta er cyclic eða ferilstýri. Það er hægt að stýra vélinni úr báðum sætum. Taktu aðeins við."

Óskar trúði vart eigin eyrum

"Þú verður að prófa alvörugræju. Ég verð vel vakandi hérna megin".

Óskar tók við stjórninni. Stýripinninn virkaði nánast eins og í tölvunni. Það kom honum á óvart hversu líkt þetta var tölvuleiknum. Hann var hins vegar ekki vanur að hristast svona til.

"Þú ert efnilegur" sagði Vala "þú gætir orðið góður flugmaður svei mér þá. Ég hef ekki séð neinn ná svona góðum tökum í fyrstu tilraun".

Flugið að Eyjafjallajökli tók bara nokkrar mínútur. Ókyrrðin jókst.

"Það er alltaf ókyrrð yfir fjöllum" sagði Vala róandi "passið að hafa beltin spennt."

Þegar þau voru komin yfir jökulinn tók Vala upp myndavél

"Þessi jökull er ótrúlegur" sagði hún. Hún smellti af nokkrum myndum á meðan þau flugu yfir jökulinn.

"Þarna er íshóтелиð" kallaði Vala og benti áfram.

Óskar sá ekkert, bara hvítan jökulinn.

"Sjáið þarna. Þetta er eins og snjóhús."

Nú sá Óskar móta fyrir einhverju á yfirborði jökulsins.

"Þetta er bara inngangurinn" útskýrði Vala "toppurinn á ísjakanum".

Þegar þau komu nær sáu þau þyrlu rétt við snjóhúsið. Hún var hvít með rauðum röndum "Ég hef séð þessa áður" sagði Vala "þetta er þyrla Benna Max".

Skyndilega flaug svört þyrla rétt fram hjá þeim.

"Brjálæðingar" hrópaði Logi "þeir stefndu beint á okkur".

Svarta þyrlan lenti rétt við þyrlu Benna Max og tveir menn hlupu inn í íshótelið.

"Þetta gætu verið kaupendurnir" sagði Óskar.

"Ég held að það sé best að lögreglan sjái um þetta" sagði Vala "við ættum ekki að koma nálægt þessu"

"Löggan verður of sein" mótmaleti Óskar

"Ef þetta eru kaupendurnir þá taka þeir steininn núna og koma honum úr landi. Við getum ekki látið Benna Max komast upp með svona græðgi."

"Og svo er steinninn líka mikilvægur fyrir vísindin" bætti Logi við.

Vala hristi höfuðið, leit svo á þá

"Ok, en það verður bara stutt stopp".

Vala lenti þyrlunni.

Kafli 16

Á jöklinum var skafrenningur og nístandi kuldi. Óskar, Vala og Logi hlupu inn í snjóhúsið, inngang snjóhótelsins. Snjóhúsið var á stærð við einbýlishús. Innst í snjóhúsinu voru tröppur niður í stóra hvelfingu. Íshótelið var á mörkum bergs og íss.

"Ég hef aldrei séð neitt þessu líkt" sagði Logi "hvernig er hægt að búa svona til?"

"Hvelfingin er náttúruleg og herbergin líka að hluta" sagði Vala.

"Hvar eru herbergin?" spurði Logi

"Ég held að þau séu út um allt. Sum liggja djúpt" sagði Vala

"Er lyfta?"

"Já það er einhvers konar lyfta"

"Þetta er óraunverulegt"

Þau virtu hvelfinguna fyrir sér. Íshótelið var stórbrotið. Lýsingin var dauf og minnti helst á norðurljós. Það fór hrollur um Óskar.

"Svo eru herbergi fyrir ofurhuga með dyr sem opnast í jökulsprungu" sagði Vala

"Hvar eru þau?" spurði Logi

"Ég veit það ekki en ég veit að ofurhugarnir klífa niður sprunguna og fara þannig í herbergið"

"Það er bilað!" sagði Logi

"Já, en fjallaklifrarar fílar þetta í botn."

Þau gengu fram að brún sprungu. Hún náði tugi metra niður.

"Borgar fólk virkilega fyrir að gista hérna" spurði Logi

"Nóttin kostar milljón" svaraði Óskar "hingað kemur bara fólk sem veit ekkert hvað það á að gera við peningana sína"

"En þetta er ekki öruggt" sagði Logi

"Alls ekki" sagði Vala "Það er hluti af upplifuninni.

Það er hins vegar furðulegt að þetta skuli hafa verið samþykkt."

Benni Max og Etania voru hvergi sjáanleg og mennirinnir á svörtu þyrlunni virtust hafa gufað upp. Þau fóru fram hjá einhvers konar afgreiðsluborði og komu svo að hárrí hrúgu af hraungrjóti sem lá upp við ísvegg. Í gegnum hraunið kom rauð birta eins og frá kviku.

"Hvers konar listaverk er þetta?" spurði Logi

"Þetta er ekta Benni Max" sagði Óskar.

Óskar rak augun í dyr við hliðina á listaverkinu. Við dyrnar lá stubbur af sígarettu. Óskar tók hann upp. Það var nýlega dautt á sígarettunni.

Innan við dyrnar var langur gangur. Veggirnir voru ýmist úr ís eða bergi. Herbergisdyr voru báðu megin. Herbergin voru merkt með heitum eldfjalla og jökla.

Þau gengu fram hjá herbergi með heitinu Hekla.

Skyndilega voru herbergisdyr opnaðar innar í ganginum.

Mennirnir tveir komu út úr herberginu. Fast á hæla þeim komu Benni Max og Etania. Annar maðurinn var hávaxinn með mikið svart skegg, í gráum æfingagalla. Hinn snyrtilegur og meðalmaður á hæð. Hann var klæddur í svartan pelsfrakka og hélt á íþróttatösku sem Óskar þekkti strax. Maðurinn í pelsfrakkanum gaf þeim skeggjaða skipanir. Óskari heyrðust þær vera á rússnesku. Skeggjaði risinn gekk ógnandi á móti þeim. Benni kallaði á eftir þeim á ensku. Allir stoppuðu. Benni leit undrandi á Völu en svo á Óskar.

"Nú verðið þið að hætta þessum fíflalátum. Það endar með því að þið drepið ykkur."

"Ég vil bara fá loftsteininn minn" sagði Óskar.

"Óskar minn, þú átt ekkert í þessum steini." Benni hló

"Hann lenti á húsinu mínu. Ég átti hann og gaf Etaniu hann. Nú er hún búin að selja loftsteininn þessum herraþingi" sagði Benni og benti á manninn í pelsinum.

"Það er best að þið farið heim og við látum þar við sitja."

"Kemur ekki til greina" sagði Óskar

"Viltu stefna öllu í hættu Óskar. Viltu fórnna húsakjóli og góðri vinnu þabba þíns?"

Rússneski risinn færði sig nær Óskari en Benni gaf honum merki um að stoppa. Benni leit á Óskar.

"Ég efast um að þú viljir það"

"Þetta er bara þjófnaður" sagði Óskar

"Ég hef ekki tíma fyrir svona vitleysu" Benni hrísti höfuðið.

"Þið skulið fara heim. Við ætlum að fagna viðskiptunum" Benni tók utan um axlir Etaniu.

Skyndilega reif Logi töskuna af rússanum í pelsinum og hljóp af stað. Óskar ætlaði að elta en þá glumdi hár hvellur við í ganginum.

"Nú er nóg komið" hrópaði Benni Max.

Óskar leit á Benna og trúði ekki eigin augum. Benni hafði skotið úr skammbyssu upp í loftið og beindi nú byssunni að Loga sem stóð stjarfur. Óskar hafði bara séð skammbyssur í bíómyndum og tölvuleikjum. Skeggjaði Rússinn tók töskuna af Loga. "Ætlarðu virkilega að selja rússneskum olíufursta steininn?" kallaði Logi.

Benni Max svaraði ekki, hann beindi byssunni að strákunum og Völu. Benni opnaði eitt herbergið með lykli og benti þeim að fara inn.

"Þetta er ekki leikur fyrir áhugamenn" sagði Benni um leið og hann lokaði og læsti.

Kafli 17

"Nú hringjum við á lögregluna" sagði Vala og tók upp símann en setti svo aftur í vasann "það er ekkert samband".

Óskar leit á símann sinn. Það var ekkert samband.

Herbergið var ekkert líkt venjulegu hótélherbergi. Það var eins og lítill hellir. Veggir voru ýmist úr ís eða bergi. Rúmin voru úr viði og dýnur voru þunnar.

"Hvernig getur nokkur maður sofið hérna? Ég fæ innilokunarkennd!" sagði Logi.

"Hér eru dyr" sagði Vala sem stóð við vegginn sem var á móti herbergisdyrunum.

Hurðin var á braut og það var hægt að renna henni til hliðar. Óskar ýtti á hurðina. Hún var stíf.

"Varlega" Vala hjálpaði Óskari. Logi stóð fyrir aftan þau.

Þau náðu að ýta hurðinni frá opinu. Við þeim blasti jökulsprunga sem náði tugi metra niður. Þau sáu ekki botninn. Sprungan náði einnig hátt upp. Um tíu metra til hliðar var hins vegar gólf hvelfingarinnar sem þau höfðu verið í skömmu áður.

"Það er ekki séns að við komumst þetta" sagði Logi sem hélt sig fjarri sprungunni.

"En þetta er eina leiðin" sagði Óskar.

"Þetta er fyrir brjálæðinga"

"Það eru pinnar út úr ísnum og hægt að komast"

"Þú nærð engu taki Óskar, þú fellur bara aftur fyrir þig
- og þá ertu dauður".

"Þetta er brjálæði, það er rétt hjá Loga" sagði Vala "Það er best að við bíðum eftir að símarnir komist í samband".

"Við getum ekki beðið" sagði Óskar

"Síminn minn er að verða batteríslaus" sagði Logi

"Þessir Rússar eru að sleppa burt með loftsteininn" Óskar greip um höfuð sér.

Óskar sá kassa við rúmið og opnaði. Í kassanum voru ísaxir og nokkur klifurbelti. Óskar tók tvær axir og belti sem passaði.

"Ég hélt að þú værir lofthráddur" sagði Logi "þú fórst aldrei upp vegginn á námskeiðinu hjá björgunarsveitinni".

"Það er ekki rétt" svaraði Óskar. Hann vissi ekki hvort þau sæu hve mikið hann skalf á fótunum.

Logi var undrandi á svip. Hann snerti ekki klifurgræjurnar.

Óskar byrjaði á að tryggja sig með því að festa krók við dyrnar og klifurtaug í. Hann festi taugina í sig.

"Þú hefur aldrei klifrað Óskar, þú drepur þig" sagði Logi

"Þetta verður ekkert mál" svaraði Óskar og reyndi að sannfæra sjálfan sig um það líka "Bara eitt skref í einu".

Óskar passaði sig að horfa ekki niður. Það stóðu járnpinningar út úr veggnum. Þeir virkuðu eins og stigi. Óskar náði að höggva með ísöxinni í ísvegginn og náði að halda

jafnvægi með því að standa á pinnunum og halda sér í axirnar. Hann tryggði sig á miðri leið með því að reka krók inn í ísinn og festa taugina í.

"Veistu hvað þú ert að gera?" kallaði Logi

"Þegiðu, þetta hjálpar ekki Logi"

"Þú verður að festa vel þegar þú tryggir þig"

"Láttu mig um þetta"

Hann fíkraði sig áfram með því að reka ísaxirnir í ísvegginn og fóta sig áfram á pinnunum. Hann þurfti að höggva nokkrum sinnum með öxunum til að ná traustu taki. Hann átti aðeins tvo metra eftir. Þegar hann steig á næsta pinna og ætlaði að reka aðra öxina inn losnaði krókurinn sem hann hafði tryggt sig með á miðri leið. Hann stóð með fætturnar á sitthvorum pinnanum og hafði aðeins aðra öxina fasta. Hann hafði enga tryggingu.

Líf Óskars hékk allt í einu á bláþræði. Hann gat ekki rekið lausu öxina í ísinn. Fall var sama og dauði. Hann dró taugina varlega til sín. Hann náði að festa hana við öxina í ísnum. Hann varð að freista þess að skilja hana eftir og nota sem tryggingu. Óskar rak hina öxina inn í ísvegginn. Hann komst á næsta pinna. Þetta var erfiðara með aðeins eina öxi. Það var erfitt að losa öxina án þess að falla. Hann rann skyndilega til á pinnunum. Hann hékk í öxinni sem hann hafði verið að reyna að losa.

"Ekki missa takið"

Logi lá á maganum og fylgdist skelfdur með Óskari.

"Engin hættu"

Óskar hélt dauðahaldi í öxina. Hún hreyfðist aðeins til.

Kafli 18

Óskar náði að toga sig upp. Öxin losnaði. Hann rak hana í ísinn, náði festu, steig á næsta járnþrep og komst inn á gólf hvelfingarinnar.

Óskar hljóp fram hjá hraunlistaverkinu og inn fyrir móttökuborð. Hann kom strax auga á lyklakippu sem hann greip með sér og fór að herberginu þar sem Logi og Vala voru. Hann fann fljótt lykil sem passaði.

"Vel gert" sagði Logi og stökk á fætur. Vala faðmaði Óskar.

"Við megum engan tíma missa" sagði Óskar.

Þau hlupu fram í hvelfingu. Þar var engan að sjá.

"Þau gætu verið farin á þyrlunum" sagði Óskar

"Þau eru að fagna sölunni" sagði Logi

Óskar óttaðist að Rússarnir myndu flýta sér úr landi.

Skyndilega skalf allt. Hraunmolar úr listaverkinu ultu út á gólf og það hrundi úr loftinu. "Jarðskjálfti" sagði Logi lágt.

"Það hafa orðið margir smáir skjálftar í jöklinum undanfarnar vikur. Við erum ofan á virkri eldstöð. Við gætum verið beint fyrir ofan upptök skjálftans" sagði Vala

"Það er svo stutt frá síðasta gosi, það fer vala að gjósa aftur"

Logi skalf.

"Ekki á meðan við erum hérna" Vala brosti.

Óskar dáðist að því hvað Vala var yfirveguð.

"Fyrst loftsteinn og svo jarðskjálfti" sagði Logi "það vantar bara snjófljóð og eldgos"

"Rólegur með óskalistann, þetta gæti allt ræst" sagði Óskar.

"Við skulum koma okkur út. Þetta er bara dauðagildra" sagði Vala.

Þau hlupu upp tröppurnar, í gegnum snjóhúsið á yfirborði jökulsins og í átt að þyrlunni. Óskar heyrði í þyrlu. Rússarnir voru komnir á loft. Þau hlupu að þyrlu Völu og sáu að Benni Max og Etania voru komin upp í þyrluna sína. Óskar heyrði hvell. Benni skaut úr þyrlunni. Hann hafði þyrluspaðana.

"Hann ætlar að drepa okkur" hrópaði Logi.

"Þetta er viðvörðunarskot" kallaði Óskar

Benni skaut öðru skoti. Það glumdi í þyrlunni.

"Hann er brjáláður"

"Hann er að reyna að halda okkur frá þyrlunni"

"Hann tekur þyrluna úr leik. Við verðum föst hérna"

Vala hljóp að þyrlunni. Benni skaut enn öðru skoti. Vala féll niður og greip um vinstri fótinn. Skotið hafði endurkastast af þyrlunni. *Nema Benni hafði miðað á hana.*

"Þetta er illmenni" hrópaði Logi.

Þeir hlupu til Völu. Það blæddi úr fætinum. Snjórin var dökkrauður.

"Þetta er ekkert" sagði Vala og reyndi að standa á fætur
"við látum ekki þennan fant sleppa"

Vala féll aftur niður með hálfkæfðu ópi og greip um
fótinn.

Kafli 19

"Þetta er bara smá skeina" sagði Vala og beit í vörina. Sárið var rétt ofan við hné.

"Við verðum að stöðva blæðinguna" sagði Óskar.

Óskar klifraði upp í þyrluna og náði í sjúkrakassa. Hann þrýsti beint á sárið með grisju og festi hana með því að vefja sárabindi um fótlegginn. Hann sneri sér svo að Loga "Hjálpaðu mér að styðja við Völu, við þurfum að komast í skjól inn í þyrluna".

Þeir tóku undir sitthvorn handlegg Völu og hjálpuðu henni upp. Vala steig bara í annan fótinn. Hún náði að toga sig upp í þyrluna. Það var farið að hvessa en það var farið að hvessa. Benni og Etania voru horfin í burtu á þyrlunni.

"Síminn minn er batteríslaus"

"Ég næ engu sambandi" sagði Óskar

Vala setti heyrnartólin á höfuðið. Hún náði sambandi en svo slitnaði.

"Getur verið að Benni hafi eyðilagt eitthvað" spurði Logi

"Þetta á alla vega að virka" svaraði Vala

Vala athugaði með tengingar. Hún fann ekki skýringu.

"Ég vona að þyrlan sé í flughæfu ástandi"

Vala kannaði hvort hún kæmi auga á skemmdir.

"Ég sé ekkert"

Vala startaði þyrlunni.

"Hvað ertu að gera" spurði Óskar

"Ég er bara að athuga hvort þyrlan sé í lagi"

"Þú getur ekki flogið svona" Óskar benti á sárabindið á fætinum.

"Það er farið að hvesa" sagði Vala

Eftir örskamma stund voru þau komin á loft.

Þyrlan kastaðist til á leiðinni. Logi var náfölnur og loks ældi hann. Lyktin var viðbjóðsleg.

Vala flaug þyrlunni með fram Eyjafjöllum. Vala var sveitt í framan. Óskar hafði áhyggjur af henni. Það hvessti með hverri mínútnni. Þyrlan hentist til beggja hliða. Skyggnið fór versnandi.

"Hvar erum við stödd?" spurði Óskar

Vala svaraði ekki.

"Erum við að nálgast Markárfljót?"

Ekkert svar.

Óskar leit á Völu. Hún hélt ekki höfði lengur.

"Vala!" Óskar losaði af sér beltið og hristi Völu. Vala stundi lágt. Augun voru lokuð. Óskar reyndi að reisa hana við en hún var máttlaus.

Þyrlan tók sveig til hliðar.

Kafli 20

Óskar náði að stýra þyrlunni, en það var erfiðara núna. Veðrið truflaði. Vala var máttlaus í flugmannssætinu.

"Ég verð að lenda þyrlunni" kallaði Óskar til Loga "athugaðu hvort þú nærð sambandi"

"Ég kann ekkert á þetta"

"Þetta er varla mikið flóknara en sími. Við verðum að ná sambandi, það þarf að senda sjúkrabíl á móti okkur".

Logi tók heyrnartól varlega af höfði Völu. Hann kallaði nokkrum sinnum en fékk engin svör. Óskar sá hann svo hrökkva við og rétta heyrnartólin.

"Þeir vilja tala við flugmanninn" sagði Logi

Óskar setti heyrnartólin á sig.

"Þetta er flugmaðurinn" kallaði Óskar

"Hver?" maðurinn var æstur "hvað á það að þýða að ... "

Óskar greip fram í:

"Flugmaðurinn er meðvitundarlaus. Hún þarf að komast til lækni strax. Ég get flogið þyrlunni til Hvolsvallar. Ég verð kominn þangað eftir nokkrar mínútur. Þá er eins gott að það verði tilbúinn sjúkrabíll"

Það varð smá þögn og svo svaraði maðurinn

"Ég fer strax í það"

Óskar heyrði skruðninga. Svo missti hann samband við manninn.

Óskar valdi lítinn flugvöll til lendingar. Þar voru ekki neinar rafmagnslínur sem þvældust fyrir. Lendingin tókst ekki í fyrstu tilraun. Óskar hafði aldrei lent þyrlu. Þetta var gjörólíkt tölvuleik, vindurinn tók í. Hann gerði nokkrar tilraunir. Þyrlan skall loks niður.

Sjúkrabíll var kominn inn á túnið og keyrði upp að þyrlunni. Bíll foreldra Loga var líka á túninu.

Vala var flutt á sjúkrabörum að sjúkrabílnum.

Mamma Loga faðmaði hann og leiddi hann svo með sér að bílnum. Hún leit reiðilega á Óskar

"Eru engin takmörk fyriri vitleysunni sem þú dregur Loga með þér í?"

"Ferð þú með Völu?" kallaði Logi

Óskar kinkaði kolli. Hann heyrði orðin en var í öðrum heimi.

Logi fór í bílnum með mömmu sinni.

Í sjúkrabílnum var verið að huga að Völu.

"Bíddu hérna" kallaði læknir til hans, ung myndarleg kona.

"Lögreglan var í útkalli, en þau eru á leiðinni. Þau vilja tala við þig"

Afturhurðinni var lokað og sjúkrabílinn keyrði af stað með blá blikkandi ljós. Hann beygði til vesturs, í átt til Selfoss.

Óskar gekk að þyrlunni. Hann klifraði upp í hana og lokaði. Hann var kominn í skjól. Hann sá fram á yfirheyrslur

lögreglu, símtöl til foreldra. Barnaverndarnefnd yrði kölluð til. Það hafði gerst áður. Einhver hafði hringt og látið vita að Óskar væri einn heima. Mamma hans var þá í útlöndum og pabbi hans upp á fjöllum. Óskar langaði hvorki í lögregluþyrreyrslur né barnavernd. Á meðan myndu Rússarnir sleppa út landi. Þetta tækifæri var að glatast.

Óskar startaði þyrlunni. Þyrlan lyftist frá jörðinni.

Benni Max skal ekki sleppa svona auðveldlega.

Kafli 21

Óskar tók stefnuna austur að Eyjafjöllum. Það var skollin á hríð. Óskar sá ekki út.

Af hverju var hann svona vitlaus að fljúga aftur af stað. Hann hefði átt að bíða eftir lögreglunni. Þeir hefðu handtekið Benna. Nú var hann einn í þyrlunni og sá ekkert út. Hann flaug eftir kortinu á skjánum. Benni hafði rétt fyrir sér. Þetta var ekki leikur fyrir áhugamenn. Óskar leit á hæðarmælinn. Hann var í tvo hundruð metra hæð. Þetta var allt annað en tölvuleikur. Hér þýddi "game over" að leikurinn var endanlega búinn.

Óskar var með heyrnartólin á sér.

"Sæll Óskar. Þetta er Erna í lögreglunni á Hvolsvelli."

"Sæl Erna"

Erna var móðir Lísu, bekkjarsystur Óskars. Það þekktu allir Ernu. Hún var þjálfari karlaliðsins í fótbolta. Þeir komu grenjandi af æfingunum, þær voru svo erfiðar. En hún kom þeim upp um deild. Það hafði engum tekist áður.

"Óskar, þú verður að lenda þyrlunni"

"Ég sé ekkert út"

"Við erum með vanan þyrluflugmann sem getur leiðbeint þér"

Óskar þagði

"Eru einhverjar fréttir af Völu?"

"Síðustu fréttir frá sjúkrabílnum voru að hún væri í toppstandi."

Óskar brosti

"Það er gott að heyra"

"Hún hafði mestar áhyggjur af þér"

"Ég spjara mig"

"Við vitum um loftsteininn Óskar. Ekki fara að gera neina vitleysu núna."

"Þú meinar meiri vitleysu"

"Já einmitt. Lentu þyrlunni og láttu okkur sjá um Benna"

"Hann er ósvífinn glæpamaður"

"Þess vegna ættum við að sjá um hann"

Það rofaði til. Óskar sá ljósin frá húsi Benna. Nú þurfti hann að lenda. Hann tók af sér heyrnartólin. Hann tók stefnuna á næsta bæ við Benna sem stóð rúman kílómetra frá. Hann vonaði að enginn í liði Benna myndi heyra í þyrlunni.

Lendingin tókst betur en á Hvolsvelli. Þyrlan skall ekki jafn harkalega niður. Hann lenti á planinu. Bærinn virtist mannlaus. Óskar flýtti sér í átt að húsi Benna. Sum staðar þurfti hann að klofa snjó. Það var aftur skollin á hríð. Það var nístingskuldi. Hann var ekki með hanskana. Hann hugsaði hvort þetta væri virkilega þess virði. Hann var ekki einu sinni búinn að hugsa til enda hvernig steinninn átti að sameina fjölskylduna. Hann þoldi hins vegar ekki þá tilhugsun að Rússarnir færu með steinninn. Þessi steinn var

ætlaður honum. Himnasending sem hann vildi ekki missa úr greipunum.

Óskar var kominn að bílskúrnum hjá Benna.

Rússarnir komu út í fylgd Benna og Etaniu. Óskar beygði sig bak við bíl. Óskar var stutt frá þeim. Hann sá ekki ípróttatöskuna. Hann vonaði að enginn hefði séð hann. Snjósleðarnir voru við húsið þar sem Óskar og Logi skildu þá eftir.

Benni kvaddi Rússana. Etania vildi fá myndir. Þau stilltu sér upp í selfie. Taskan hlýtur að vera í þyrlu Rússanna hugsaði Óskar. Hann læddist að þyrlunni og opnaði. Taskan var í sæti fram í. Óskar greip töskuna. Risinn sá hann og kom hlaupandi. Óskar hljóp í átt að snjósleðunum.

"Stoppaðu" kallaði Benni

Óskar hljóp áfram. Hann heyrði byssuskot. Hann hægði á sér og leit til baka.

"Næsta skot verður ekki upp í loftið" Benni var trylltur

Óskar startaði snjósleðanum og keyrði af stað. Hann stefndi að nágrannabænum. Hann varð að komast að þyrlunni. Hann leit aftur fyrir sig. Risinn elti hann á hinum sleðanum. Hríðin magnaðist. Risinn nálgaðist hann. Þeir nálguðust læk rann rétt við bæinn. Snjórinn lá yfir læknum á kafla. Óskar lét vaða. Rússinn fylgdi á eftir. Óskar komst yfir en Rússinn missti jafnvægið þegar hengjan gaf sig. Sleðinn fór yfir hengjuna en Rússinn datt af og lenti í læknum.

Óskar startaði þyrlunni. Hann sá lítið út fyrir hrið. Óskar stýrði þyrlunni upp. Óskar leit til hliðar. Benni Max á fleygiferð á Bensanum og keyrði utan í þyrluna. Þyrlan fór á hlið og féll niður á bíl Benna Max.

Fallið var ekki hátt en nóg til að eyðileggja bæði þyrluna og bílinn. Beltið bjargaði Óskari. Hann losaði sig og stökk út.

"Er ekki nóg komið" hrópaði Benni, sem var kominn út úr bílnum. Hann var blóðugur í framan.

"Pabbi þinn verður lengi að vinna upp í þetta" sagði Benni og benti á bílinn og þyrluna. Óskar hljóp með töskuna að snjósleðanum, setti í gang og keyrði af stað. Benni Max hljóp að hinum sleðanum og elti Óskar.

Kafli 22

Óskar gaf allt í botn. Hann hafði ekki farið svona hratt á snjósleða síðan hann velti snjósleða þabba síns. Það voru skurðir og girðingar niðri við þjóðveginn. Óskar keyrði meðfram innkeyrslunni að bænum. Hann var kominn niður að þjóðvegi. Svartur Porcche sveigði fyrir hann og lokaði leið í gegnum hliðið. Etania var mætt til að hjálpa þabba sínum.

Óskar sneri við. Benni Max stefndi á hann en Óskar gaf í og slapp við árekstur. Nú gaf hann allt í botn upp eftir. Benni elti. Óskar keyrði upp fyrir bæinn. Þar voru girðingar en þær voru að mestu á kafi undir snjó. Hlíðin var hæðótt. Snjósleðinn tókst á loft þegar Óskar keyrði yfir skaflana.

Benni fylgdi í loftköstum fast á eftir. Hann var kominn að hlið Óskars. Benni færði sig nær Óskari og reyndi að keyra utan í hann. Óskar sveigði frá. Hann stefndi supp í hlíðina. Brattinn jókst og það var snjóþyngra. Benni keyrði nú við hlið hans.

Skyndilega var eins og hlíðin gæfi sig. Snjórinn skreið af stað. Óskar missti stjórn á sleðanum. Snjóflóð! Sleðinn flaut niður með flóðinu nokkra metra og svo missti Óskar tak á sleðanum. Hann tók sundtök til að halda sér á floti. Það eina sem komst að var að grafast ekki undir

snjónum. Hann gerði sér ekki fyrir hvort það liðu sekúndur eða mínútur. Skyndilega var allt stopp.

Óskar lá kyrr. Hann sá ekkert. Hann var á kafi í snjó en hann gat andað. Hann sárverkjaði í öxlina og handlegginn. Hann mundi hvað hafði gerst en hann vissi ekki hve lengi hann hafði legið í snjónum. Gallinn var rifinn. Hann reyndi að komast á fætur en hann gat það ekki. Hann var fastur. Honum var kalt. Hann hugsaði hvort það væri líf eftir dauðann.

Óskar fann að það var pikkað í öxlina á honum. Verkurinn var sár en kærkominn. Stöng í gegnum snjóinn. Björgun. Hann heyrði einhvern hrópa. Hann heyrði og fann að það var mokað ofan af honum. Hann sá andlit og ljós. Þetta var fegursta sjón hans á ævinni. Hann skalf af kulda.

"Við megum engan tíma missa"

Björgunarmenn lyftu honum á börur.

Óskar horfði í kringum sig. Hann kom hvergi auga á Benna Max. Hann sá blikkandi ljós niður við bæ.

Óskari var lyft inn í sjúkrabíl.

"Það er allt í lagi með mig"

Hann fékk engin svör.

Hann heyrði sjúkraflutningamennina tala saman

"Það er óvíst að hann lifi þetta af".

"Það er allt í lagi með mig" endurtók Óskar.

"Við vorum ekki að tala um þig" sagði annar þeirra vinalaga.

"En nú er allt klárt til að leggja í hann."

Óskar ætlaði að rísa upp, en gat það ekki. Sjúkrabílinn var kominn af stað. Hann stoppaði eftir nokkrar sekúndur. Bílstjórinn opnaði hurðina og tók við einhverju.

"Hvað er þetta" spurði maðurinn í farþegasætinu.

"Þetta er íþróttataska stráksins, hún lá þarna upp frá" svaraði bílstjórinn.

Óskar brosti. Augnlokin þyngdust.

Kafli 23

Pabbi Óskars tók kjúklinginn út úr ofninum.

"Hér kemur kjúllinn strákar" sagði hann þegar hann lagði hann á borðið.

"Besta sem ég fæ" sagði Logi

Logi lét ekki segja tvisvar að gera svo vel. Hann fyllti diskinn sinn af frönskum, en lét grænmetið eiga sig.

"Ég hefði gjarnan vilja spila fyrir ykkur dinnertónlist, en það verður bara næst"

Pabbi Óskars glotti og leit á píanóið. Það var enn á sínum stað. Mölbrotið.

"Mér er sagt að þetta sé orðið eitt verðmætasta píanó veraldar - og það er ekki tónlistahæfileikum mínum að þakka".

Logi hló. Óskar brosti, þetta var í þriðja eða fjórða sinn sem hann heyrði þennan brandara pabba síns.

"Ég gleymdi næstum"

Logi stóð upp og kom til baka með poka

"Afmælisgjöfin"

Logi rétti Óskari lagði stóran pakka á gólfið.

"Til hamingju aftur með afmælið"

Óskar tók í hönd Loga með vinstri hendi. Sú hægri var í gifsi. Óskar opnaði pakkann með aðstoð Loga.

"Þú ert brjálaður" sagði Óskar

Gjöfin frá Loga var dróni eins og Óskar hafði dreymt um að eignast.

"Takk kærlega"

"Gjöf flugmannsins" sagði pabbi Óskars og hló.

"Ég trúir því ekki enn þá að Benni Max skuli hafa skotið á okkur" sagði Logi.

"Benni var ekki svona í gamla daga" sagði pabbi Óskars

"Hann var jú alltaf hörku nagli en hann var alltaf hjálpsamur og mátti ekkert aumt sjá. Svo fór hann í atvinnskumenskuna. Smátt og smátt breyttist hann. Hann vildi bara græða, stofna business og umgangast ríka fólkið. Þetta kostaði hann á endanum lífið. Það sannast kannski að í draumi sérhvers manns er fall hans falið"

Óskar var ánægður að vera á lífi. Hann naut þess að vera með pabba sínum og besta vini sínum, en hann saknaði mömmu sinnar. Hann hefði viljað að hún væri hjá honum þeim um kvöldið, en hún var farin aftur til Reykjavíkur. Þau borðuðu saman fyrr um daginn. Óskar sá að foreldrar hans voru hamingjusamir og góðir vinir.

Eftir kvöldmat kom Vala í heimsókn. Hún var með fréttir af steininum.

"Steinninn var frá Mars. Sjaldgæf gerð frá Mars. Það hefur bara fundist einn steinn áður af þessari gerð".

"Hann er þá verðmætur?" spurði Logi sperrtur.

Óskar sá gullglampann í augunum á Loga.

"Já, hann er margfalt verðmætari en gull" sagði Vala og brosti.

Vala leit á símann sinn. Hún varð alvarleg á svipinn.

"Það lítur út fyrir að ég sé ekki að fara héðan í bráð"

"Nú, hvers vegna?" Óskar gat vart leynt gleði sinni.

"Það er farið að gjósa í Kötlu" svaraði Vala.

"Hvað næst?" Logi féll niður í sófann.

Óskar þagði. Hann leit á þabba sinn og Völu. *Kannski mun Kötlugos leiða þau saman.*

Óskar settist fyrir framan tölvuna. Hann sá að Lísu bekkjarsystir hans var "online".

"Hæ Lísu"

"Hæ"

"Ég var að spá með leikritið sem þú talaðir um"

"Já?"

"Er enn laust hlutverk?"

"Já :)"

"Ok :)"

"Það er laust annað aðalhlutverkið, sem sagt Gunnar á Hlíðarenda, já og eitt aukahlutverk"

"Ég væri alveg til í að vera í aukahlutverki"

"Frábært :) þú ert hér með ráðinn"

"Takk!"

"Hvaða hlutverk er það annars?"

"Hallgerður langbrók ... fyrsta æfing er eftir helgi"

"Fyndin :)"

"Engar áhyggjur Óskar, hún var hávaxin og fögur. Þú ferð
létt með þetta ;)"

<<<<>>>>